

13

4. marz

19. gr.

Á tímabilinu frá 1. okt. til 1. maí getur forstjóri stytst daglegan vinnutíma allt að einni stund, ef henni er varið til fræðslu.

20. gr.

Á tímabilinu frá 1. júlí til 15. september getur forstjóri lengt daglegan vinnutíma allt að einni stund, ef unnið er útivið.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 4. marz 1929.

Jónas Jónsson.

St. Gunnlaugsson.

14

4 marz

ERINDISBRÉF

handa lækni vinnuhælisins á Litla-Hrauni.

1. gr.

Hafa skal heilsufarsbók fyrir hvern fanga.

Læknir skal rannsaka hvern nýjan fanga vandlega og skrá í þessa bók.

Skal athuga vel líkamsheilsu fangans, en líka sálarheilsu hans, gáfnafar og geðsmuni — hvort um er að ræða nokkra meðfædda veiklun, eða einhverja tegund af geðveiki eða brjálsemi.

2. gr.

Læknir gætir þess, að allir hollustuhættir séu í sem beztu lagi. Ef eitthvað er að í þeim efnum, skal hann skýra forstöðumanni frá því hverra umbóta sé þörf.

Nú kemur einhver farsótt upp í hælina og skal læknir þá tafarlaust skýra heilbrigðisstjórninni frá öllum málavöxtum.

3. gr.

Læknir annast alla sjúka fanga, að þeir fái það fæði, aðbúð, hjúkrun og lækningu, sem nauðsyn krefur, líkt og vant er að veita, eftir ástæðum, á góðu heimili, eða í almennu sjúkrahúsi eða heilsuhæli — allt eftir því hver veikin er og hvernig henni er háttað — en þó svo, að ekki sé vikið frá heimilisháttum á hælina frekar en þörf gerist,

Læknir skýrir forstöðumanni frá því, hvaða breytingar hann telji nauðsynlegar, vegna krankleika, á fæði fangans, aðbúnaði, útivist, 4. marz vinnubrögðum o. s. frv.

Nú er sjúkdómurinn næmur, t. d. berklaveiki, eða einhver kynsjúkdómur, og annast þá læknir að sjúklingurinn sé einangraður svo, eða honum settar þær varúðarreglur, að öðrum standi ekki hættu af honum.

4. gr.

Ef læknir telur nauðsynlegt að fá sérlækni í einhverri grein sér til aðstoðar, eða koma sjúkum fanga í geðveikrahæli eða almennt sjúkrahús — t. d. til skurðlækningar — þá skal hann bréflaga skýra forstöðumanni frá þessu, en hann leita úrskurðar dómsmálaráðuneytisins um það, hvað gera skuli.

Ef málið þolir enga bið, má forstöðumaður ákveða í bili að farið skuli eftir tillögum læknis og sjá um framkvæmd á þeim.

5. gr.

Nú deyr fangi, og skal þá læknir skoða líkið og gefa út dánarvottorð. Má ekki flytja líkið á kaldan eða afvikinn stað fyrir en því er lokið.

6. gr.

Læknir skal rannsaka þá menn, sem sækja um atvinnu í hælínu og gefa út vottorð um heilsufar þeirra.

Hann skal veita starfsmönnum hælísins ókeypis læknishjálp.

Nú telur læknir þörf á aðstoð sérlæknis, eða nauðsynlegt að koma sjúkum starfsmanni í sjúkrahús, og fer um það mál, sem segir í 4. gr.

7. gr.

Læknir skal hafa alla gát á hjúkrunargögnum hælísins og lyfjabirgðum þess.

8. gr.

Læknir annast þetta bókhald:

- a. Heilsufarsbók (journal) fyrir hvern fanga, sbr. 1., 3., 4. og 5. gr. Skal rita í hana allt er lýtur að heilsufari fangans þegar hann kemur, meðan hann dvelur í hælínu og þegar hann fer þaðan, einnig lík-skurðarlýsingu, ef hann deyr og er krufinn.
- b. Heilsufarsbók fyrir hvern starfsmann hælísins, sbr. 6. gr.
- c. Mánaðarskrá yfir sjúka fanga.

14
4. marz

9. gr.

Í janúarmánuði ár hvert skal læknir semja ársskýrslu í tvennu lagi um heilsufar í hælínu á umliðnu ári. Skal þeirri skýrslu fylgja sundurliðuð skrá yfir krankleika fanganna. Fær stjórnarnefnd hælísins annað skýrslueintakið, en landlæknir hitt.

10. gr.

Læknir skal heimsækja alla fangana tvisvar í mánuði að minnsta kosti, og auk þess gegna nær sem hans er vitjað vegna veikinda.

Um fastar heimsóknir læknis fer eftir samkomulagi við forstöðumann.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 4. marz 1929.

Jónas Jónsson. 

St. Gunnlaugsson.

15
18 marz

STAÐFESTING KONUNGS á skipulagsskrá fyrir Söfnunarsjóð

Rauðasandshrepps, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dóms- og kirkjumálaráðherra 18. marz 1929. Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir

„Söfnunarsjóð Rauðasandshrepps“.

1. gr.

Sjóðurinn heitir: „Söfnunarsjóður Rauðasandshrepps“.

2. gr.

Sjóðurinn er stofnaður með kr. 100.00 árlegu tillagi frá Rauðasandshreppi, fyrsta sinni árið 1925, og eykst með sama árstíllagi í 105 ár frá stofnari, eða til ársins 2030. Vextir skulu árlega leggjast við höfuðstól, og má ekki skerða hann til 2030.

3. gr.

Árið 2030 skal fyrsta sinni úthluta $\frac{4}{5}$ — fjórum fimmtu —